

1863. salan væri gild; en þó gjört sé ráð fyrir, að sýslumaður hafi  
2. októberm. farið rangt að, er hann lét uppboðið fram fara þrátt fyrir mót-  
mæli þau, er gjörð voru móti því, þá verður eigi að síður að  
álíta aðferð þessa með öllu ótilhlýðilega.

Um leið og dómsmálastjórnin að öðru leyti skýrskotar til  
skjala málsins, sem öll fylgja hér með, viðvíkjandi hinum  
sérstaklegu atriðum í þessu efni, og getur þess, að uppboðs-  
verðið fyrir þá af hinum seldu munum, sem ekki voru aptur  
burtfluttir, og skilareikningur um skipbrot þetta skal verða sent á  
eptir jafnskjótt og það hingað kemur, verður stjórnarráðið að  
biðja utanríkisstjórnina um að hlutast svo til, að skýrslur þær,  
sem fram eru komnar í máli þessu, verði kunnar stjórninni á  
Frakklandi, til þess að framvegis verði reistar skorður við slíkri  
aðferð, sem Le Griel, herskipsforingi, hér hefir haft í frammi.

13. októberm. **81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir  
vesturumdæminu, um linun í afgangi af konungs-  
jörðum á vesturlandi.**

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra  
amtmaður, 29. maímán, þ. á., bar hún upp fyrir konungi mál-  
efni það, sem þar er um rætt, og hefir hans hátign 5. dag  
þ. m. allramildilegast fallizt á þær tillögur stjórnarráðsins, að  
leiguliðum á þjóðjörðunum í vesturumdæminu á Íslandi enn í  
4 ár, er talin séu frá fardögum árið 1861, veitist sú hin sama  
linun í landskuldargjaldi af ábúðarjörðum sínum, sem þeir hafa  
verið aðnjótandi nú á síðari árum, en það er á þann hátt, að  
þeir greiði  $\frac{5}{6}$  landskuldarinnar eptir fornu verðlagi en  $\frac{1}{6}$  í  
peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á  
ári hverju; þó skal bjóða umboðsmönnunum að hækka land-  
skuldina við ábúandaskipti eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns  
í hvert skipti, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarð-  
arinnar og öðrum atvikum.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra amtmaður, yður til  
leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, svo sem þörf er á.